



Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hraunhrepps í Borgarbyggð

1. grein

Vatnsgjald Vatnsveitu Hraunhrepps er kr. 41.160 á árinu 2026 af hverju íbúðarhúsi og sumarhúsi sem tengd eru vatnsveitunni.

2. grein

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. grein skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur kr. 45,13 kr/m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5 l/dag
Geldneyti	26 l/dag
Kálfar	13 l/dag
Kýr	65 l/dag
Hross	17,5 l/dag
Svín	10 l/dag
Grísir	5 l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. grein

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 01. maí og eindagi mánuði síðar.

4. grein

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

5. grein

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1708/2024.

Samþykkt af stjórn Vatnsveitu Hraunhrepps 16. desember 2025 og Sveitarstjórn Borgarbyggðar 15. janúar 2026.

Borgarnesi, 16. janúar 2026.

